

Mæting: Agnes, Bryndís, Ellý, Fanney og Frida. Einn félagi á zoom, einn félagi með aðstoðarmanneskju.

Fundarstjóri: Þorbjörg

Ritari: Ellý

Fundur byrjar 15:14

- Fundur metinn löglegur þar sem ekki er krafa um lágmarksfjölda í mætingu, reglum um auglýsingar var fylgt eftir, tilkynning var send félögum í gegnum tölvupóst og auglýst á öllum samfélagsmiðlum.
- Aftur var ekki var nógu góð mæting á fund til að fá skoðunarmann reikninga og þarf því að reyna að finna einhvern fyrir næsta aðalfund.
- Allar lagabreytingar voru samþykktar einróma. Tillögur að breytingum í lögum:
  - 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð félagsmönnum. Stjórn skipa fimm félagsmenn, þau skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfund. → Ef ekki næst í fimm manna stjórn á aðalfundi getur stjórn starfað með aðeins þremur félagsmönnum en alltaf skal stefnt að því að hafa fimm ef hægt er.
  - 7.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund rafrænt. → 7.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund.
  - 3.2 Rétt til fundarsetu hafa eingöngu gildir félagar. → 3.2 Allir hafa rétt til fundarsetu en eingöngu gildir félagar geta kosið.

- 5.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og/eða fjölmiðli.  
→ 5.1. Stjórn fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda nema beðið sé um félagafund. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og/eða fjölmiðli.

Nýja stjórn skipa:

Agnes, Ellý, Erna, Fanney og Þorbjörg

Fundi slitið 19:56